

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnframlag og aðrar tekjur skv. 2. gr. eins og þær eru bókfærðar í árslok hverju sinni. Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins á sem hagkvæmasta hátt. Ekki má skerða höfuðstólinn við úthlutun styrkja. Falli úthlutun úr sjóðnum niður, sbr. 5. gr., er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa þeirri upphæð við næstu úthlutun eða leggja hana að öðrum kosti við höfuðstólinn.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi Gigtarfélags Íslands endurskoðar reikninga sjóðsins og áritar þá. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund Gigtarfélags Íslands ár hvert.

8. gr.

Samþykkt meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til þess að breyta megi skipulagsskrá þessari. Bera skal breytinguna undir stjórnarfund Gigtarfélags Íslands og nægir einfaldur meirihluti fundarmanna.

Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til Gigtarfélags Íslands.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 26. janúar 1993.

Í stjórn Gigtarfélags Íslands:

Sveinn Indriðason.

Árni Jónsson.

Laufey Karlsdóttir.

Jón Þorsteinsson.

Frosti Jóhannsson.

Sigríður Gunnarsdóttir.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. mars 1993.

F. h. r.

Jón Thors.

Margrét Hauksdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 429, 8. desember 1992, um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum.

1. gr.

Í stað orðanna „1. apríl 1993“ í II. ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni komi orðin „1. maí 1993“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. mars 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.